

<b>Yfirskrift</b>	<b>Fundargerð stjórnarfundar FFR</b>				
<b>Stjórnarfundur nr. 8 2017</b>	8	<b>Dagsetning</b>	11. ágúst 2017	<b>Tími</b>	11:30 – 13:00
<b>Fundarstaður</b>	Mannvirkjastofnun				
<b>Fundarstjóri</b>	BK				
<b>Ritari</b>	ISS				
<b>Mættir (fjarverandi)</b>	BK, HÓS, ISS, ÁG, MG, (MH, KLÁ, EB) og Guðrún Ragnarsdóttir				
<b>Fylgiskjöl</b>	Gögn frá Aðalfundi FFR 31. maí, send út til stjórnar með tölvupósti 8. júní og 4. ágúst.				
<b>Vistun gagna</b>	ISS				

## Fundargerð

### 1. Fundargerð síðasta fundar (31/5 2017)

Ekki hefur verið rituð fundargerð stjórnarfundar sem haldin var eftir aðalfund, þar sem stjórn skipti með sér verkum. Leggja þarf fram fundargerðir tveggja síðustu stjórnarfunda á næsta fundi. IS sér um málið.

Breytingar á lögum um Kjararáð tóku gildi 1. júlí, en framkvæmdinni hefur verið frestað til 1. janúar 2018. Það gefur öllum aðilum aukið svigrúm til að vinna að málinu. Á aðalfundi félagsins 31. maí s.l. voru samþykktar fimm tillögur varðandi framkvæmd laganna og farið var yfir þær:

### 2. Tillaga 1: Um ráðningu starfsmanns og kaup á þjónustu

Rætt var um að skipa vinnuhóp sem sér um að auglýsa eftir og ráða starfsmann FFR. „Stjórn FFR verði veitt heimild til að ráða háskólamenntaðan einstakling sem þekkir til vinnuumhverfis forstöðumanna sem og heimild til að kaupa utanaðkomandi þjónustu vegna nýrra verkefna skv. breyttum lögum um Kjararáð“. Í hópinn völdust ISS, HÓS og Guðrún Ragnarsdóttir. Ljúka þarf verkefninu sem fyrst, en fyrsta skref er að gera starfslýsingu og auglýsingu.

### 3. Tillaga 2: Halda vinnustofu fyrir félagsmenn í september

Ákveðið var að halda þessa vinnustofu í september (ekki í júní eins og aðalfundur samþykkti), þar sem gildistöku ákveðinna ákvæða í lögnum var frestað til 1. janúar 2018. „Stjórn FFR heldur vinnustofu fyrir félagsmenn [dagsetning endurskoðuð] þar sem að lágmarki 15 forstöðumenn vinna með þann hæfniramma sem hefur verið skilgreindur og leggja mat á störf hvors annars undir leiðsögn ráðgjafa FFR og sérfræðinga FJR.“ Rætt var um þriðjudaginn 19. september. Ákveðið var að biðja starfskjaranefnd félagsins að aðstoða við þessa vinnu, auk MG og Guðrúnu Ragnarsdóttur. Einnig þarf að hafa samráð við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins, m.a. um húsnæði fyrir vinnustofuna.

### 4. Tillaga 3: Endurskoðun laga FFR

Rætt var um tillögu um endurskoðun laga FFR. „Stjórn FFR tilnefni 3-5 manna nefnd til að endurskoða lög FFR í samræmi við breytingar á lögum um Kjararáð. Haustið 2017 verður boðað til framhaldsaðalfundar þar sem tillaga að endurskoðuðum lögum verður lögð fram.“ Rætt var

um að BK og KLÁ leiði þessa vinnu og fái með sér lögfræðinga meðal félagsmanna og einnig fulltrúa úr hópi eldri félaga.

### 5. Tillaga 4: Önnur starfskjör

Rætt var um önnur starfskjör. „Stjórn FFR leggur til við KMR að önnur starfskjör verði óbreytt til ársloka 2018 en tillaga að breytingum sem tekur gildi 1. janúar 2019, verði lögð fram til kynningar á aðalfundi FFR 2018. Framlag til starfsmenntasjóðs embættismanna verði bundið við 0,22% af mánaðarlaunum en 0,7% verði lagt inn í sérstakan sjóð/bankareikning þar til niðurstaða verður komin um framtíðarfyrirkomulag.“ Ákveðið var að fela starfskjaranefnd að fara ofan í þessi mál en hún geti kallað til sín sérfræðinga innan félagsins til að ræða hvað sé skynsamlegast að gera. Mikilvægt er að félagsmenn tapi ekki áunnum réttindum. Verkefnið er að móta tillögu sem lögð verði fyrir aukaaðalfund

### 6. Tillaga 5: Starfskjaranefnd rýni launatöflu

Formaður hefur fundað með Starfskjaranefnd FFR um eftirfarandi tillögu „Stjórn FFR leggur til að launatafla sem hefur verið mótuð af KMR, verði rýnd af starfskjaranefnd fyrir 1. júlí 2017“ og hefur nefndin samþykkt að vinna samkvæmt henni. Ákveðið var að Ársæll Guðmundsson verði tengiliður við starfskjaranefnd bæði vegna þessarar vinnu sem og almennt.

### 7. Skipulag og viðvera stjórnarmanna á samráðsfundum FFR og KMR

Hingað til hafa BK, ISS, KLÁ og Guðrún Ragnarsdóttir setið vikulega samráðsfundi FFR og KMR. Rætt var um framhaldið og ákveðið að hafa óbreytt fyrirkomulag. Í framhaldi var rætt um nauðsyn þess að vanda upplýsingagiöf til félagsmanna og HÓS, MG og ÁG tóku að sér að halda utan um reglulega upplýsingagiöf á vef, í fréttabréfi eða t-pósti til félagsmanna. Einnig er mikilvægt að eldri félagar fái upplýsingar, en til er sérstakur póstlisti yfir þá sem vilja fylgjast með.

### 8. Morgunverðarfundir og samvinna við ýmsa aðila

Hvernig ber að skipuleggja Morgunverðarfundir og samvinnu við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn-mála. Rætt var um fræðslustarfið í vetur, sem verður að öllum líkindum í lágmarki í vetur vegna þeirra umfangsmiklu breytinga á kjaramálum sem hópurinn stendur frammi fyrir.

### 9. Vefur FFR

Sjá lið 7.

### 10. Önnur mál

- Ný umsókn í Starfsmenntunarsjóð embættismanna? – Málið var ekki útrætt.
- Settur sýslumaður á Suðurlandi hefur óskað eftir að fá pósta frá félaginu og var það samþykkt. BK og IS fara yfir félagaskrá.
- Rætt var um að fela starfskjaranefnd að útbúa staðlaða fréttatilkynningu sem félagið geti sent út þegar Kjararáð birtir úrskurði sína.